



REYKJANESBÆR

Bæjarráð Reykjanesbæjar
Hr. Friðjón Einarsson formaður
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbæ

Reykjanesbæ 16.11.2020

Varðar: Fjöldahjálparstöð Sunnubraut

Síðasta vetur kom upp atvik sem minnir okkur á að við þurfum að huga betur að neyðaráætlunum hjá okkur. Vegna óveðurs urðum við að taka við fjölda af fólki sem urðu „úti“ vegna ófærðar á Reykjanesbrautinni. Tekið var við fólki í íþróttarhúsinu við Sunnubraut og hentar það húsnæði ágætlega til þess brúks. Það er tillaga okkar á Umhverfissviði að við útfærum þetta húsnæði með þeim hætti að það nýtist okkur við hverskonar vá og við hvaða aðstæður sem er. Eitt af því er að tryggja að þótt rafmagn fari af sveitarfélaginu þá getum við tengt færanlega rafstöð við húsnæðið og verður því ekki ónothæft vegna rafmagnsleysis.

Rafstöðina eigum við ekki og það þarf að setja upp tengibúnað í aðaltöflu og setja „plug“ á útvegg.

Hjálagt er minnisblað og kostnaðaráætlun frá Theodori Kjartanssyni Öryggis- og vinnuverndarfulltrúa en undirritaður bað hann um að taka saman kostnað við þennan lið.

Óskað er eftir afstöðu og afgreiðslu bæjarráðs á erindinu.

Virðingarfyllt

Guðlaugur H Sigurjónsson
Sviðsstjóri Umhverfissviðs

Meðfylgjandi er minnisblað frá Kólku

Dreifing :
Kjartan Már Kjartansson
Bæjarstjóri Reykjanesbæjar